42. ársþing Blaksambands Íslands 2014

Haldið í Reykjavík 14. júní

Þinggerð

Þinggerð 42. ársþings BLÍ **14. júní 2014 kl. 09.00**

Formaður BLÍ, Jason Ívarsson, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.
Í setningarræðu sinni þakkaði formaður öllum þeim sem komu að undirbúningi og vinnu við undankeppni Evrópumóts smáþjóða sem BLÍ hafði umsjón með um nýliðna helgi 6-8. júní.
Mót sem þetta er mikil lyftistöng fyrir íþróttina og vonaðist formaður til þess að blakhreyfingin á Íslandi gæti yfirfært reynslu helgarinnar yfir á sjálfa sig. Þar átti hann m.a. við umgjörð og framkvæmd kappleikja, sýnileika liðsheildarinnar, fjölda og stundvísi starfsmanna og fleiri atriði er lúta að keppnishaldi. Að mati formanns þá eiga of mörg félög ennþá of mikið verk óunnið hvað varðar lágmarksframkvæmd kappleikja þó svo að slík umgjörð sé árlega kynnt forsvarsmönnum viðkomandi félga.
Formaður minntist einnig á það að þegar félag ákveður að senda lið til keppni þá þarf að huga að fleiru en að hafa 6 leikmenn tilbúna. Það þarf að hugsa ferlið til enda svo að ekki komi til vandræða þegar leikmenn, fjármagn og starfsmenn skortir. Einnig þurfa allir stjórnarmenn og þátttakendur að hafa lög og reglugerðir á hreinu. Svo þarf að virða tímamörk svo hægt sé að vinna nauðsynlega undirbúnings- og skipulagsvinnu.
Á stundum virðist sumir gera því skóna að það sé sjálfsagt að breyta skipulagi fyrir þrönga sérhagsmuni viðkomandi. Þannig smitar sjálfhverfni og sérhagsmunir íslenskrar þjóðar of mikið inn í hreyfinguna að mati formanns.
Formaður ræddi einnig um skort á blakdómurum þrátt fyrir það að flestir sem koma að og mæta á kappleiki virðast vera færir um að dæma þá gefa fæstir þeirra kost á sér í raunverulega dómgæslu.
Formaður reifaði þá hugmynd að halda ársþing annað hvert ár líkt og sífellt fleiri sérsambönd gera. Árið á milli þinga yrði þá haldinn formannafundur þar sem endurskoðaðir ársreikningar væru lagðir fram og nauðsynlegar breytingar á reglugerðum kynntar.
Að þessu mæltu sagði formaður 42. ársþing BLÍ sett.

1. **Þingsetning, kosning þingforseta og þingritara**

Formaður BLÍ ber upp tillögu þess efnis að Hreggviður Norðdahl verði þingforseti og Sævar Már Guðmundsson verði þingritari. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti tekur við stjórn þingsins. Hann tilkynnir að til þingsins hafi verið boðað löglega og það sé því lögmætt og þingstörf geti hafist.

2. **Kosning í starfsnefndir þingsins**
   Þingforseti gerir tillögu um að sameina allsherjar- og leikreglna- og laganefndir.
   Auk þess starfa fjárhagsnefnd, kjörbréfanefnd og uppstillinganefnd á þinginu.
   a. *Kjörbréfanefnd*, Sigurbjörn Árni Arngrímsson stýrir henni.
   b. Fjárhagsnefnd, Sævar Már Guðmundsson stýrir nefndinni.
   c. Allsherjarnefnd, Stefán Jóhannesson stýrir henni.
   d. Uppstillingarnefnd, Kristján Geir Guðmundsson stýrir nefndinni. Þingforseti biður þingfulltrúa að skrá sig í nefndir á þar til gerðum blöðum sem eru í salnum.
3. **Skýrsla síðasta starfsárs**

Formaður BLÍ flutti skýrslu stjórnar.

Setning 42. ársþings Blaksambands Íslands 14. júní 2014.

Setningarræða formanns BLÍ

Ágætu gestir, ég býð ykkur velkomna á ársþing Blaksambands Íslands.

Um síðustu helgi sá Blaksambandið um einn riðil í undankeppni í Evrópumóti smáþjóða í karla- og kvennaflokki. Það var stærsta verkefni sem sambandið hefur ráðist í hingað til. Framkvæmd mótsins tókst í alla staði mjög vel og erlendu þátttakendurnir hrósuðu okkur í hvívetna fyrir alla aðstöðu, umgjörð og framkvæmd mótsins.
Það gefur auga leið að viðburður sem þessi krefst mikils undirbúnings, skipulagningar og mikillar og óeigingjarnar vinnu sjálfboðaliða. Til þess að manna einn leik samkvæmt ýtrustu kröfum þá þarf hátt í 20 manns. Það tókst að manna alla leiki þannig að umsjónin var vel viðunandi.
Öllum sem komu með einum eða öðrum hætti að undirbúningi og vinnu við mótið eru hér með færðar bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Þó að umgjörð leikja í alþjóðlegri keppni, eins og kynnast mátti um helgina, séu miklar þá eru þær ekkert mjög frábrugðnar því sem þær eiga að vera í venjulegri deildarkeppni eins og hér á landi. Reynslu helgarinnar þarf hreyfingin að yfirfæra yfir á sjálfa sig.
Það þurfa allir að taka sig alvarlega og auka virðingu fyrir umgjörð leiksins, liðsfélögunum, andstæðingunum, starfsmönnum leiksins og þar með íþróttinni. Nálægðin í íþróttinni hér á landi er svo mikil og þess vegna gerir hún meiri kröfur til hreyfingarinnnar en ella.
Eins og sást um helgina þá komu allir leikmenn eins klæddir og á sama tíma til leiks. Tónlist var leikin í upphitun, í leikhléum og á milli hrina. Kynnir kynnti leikmenn og önnur helstu atriði leiksins. Nægur fjöldi starfsmanna leiksins var mættur tímanlega og þeir voru með hlutverk sitt á hreinu.
Þessu þurfa leikmenn og starfsmenn að venjast svo að ekkert komi þeim á óvart í keppni innan lands eða utan.

Þó að nokkuð hafi áunnist í bættri umgjörð og framkvæmd leikja í efstu deild þá vantar mikið upp á að öll félög standi undir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra hvað umgjörð heimaleikja varðar.

Þegar félag ákveður að senda lið til keppni þá tekur það þátt miðað við þær forsendur sem gefnar eru. Það þarf að huga að mun fleiri atriðum en að hafa 6 leikmenn tilbúna. Eins og komið hefur fram þá þarf marga starfsmenn á hvern leik og fjármögnun þarf að vera tryggð. Ekki er hægt að fara fram á að breyta skipulagi fjöldans fyrir sérhagsmuni eða hagsmuni fárra. Í upphafi skal endinn skoða.
Sjálfhverfni og sérhagsmunir íslenskrar þjóðar smita að mínu mati á stundum of mikið inn í hreyfinguna.

Til þess að starfsmenn sambandsins geti unnið undirbúningsvinnu sína þá þurfa félögin að virða tímamörk og eindaga í hvívetna. Ef það er ekki gert þá seinkar allri skipulagsvinnu og félögin fá eigin trassaskap í bakið.

Einnig þurfa allir aðilar að vera með lög, reglugerðir og leikreglur á hreinu áður en farið er af stað með gagnrýni. Athugasemdakerfi netmiðlanna eru stundum uppfull af heilagri vandlætingu sem, þegar betur er að gáð, eru byggð á vanþekkingu og vankunnáttu. Þegar svo er málum háttað er betra heima setið en af stað farið.

Forysta sambandsins er að sjálfsögðu ekki hafin yfir gagnrýni er öll gagnrýni þarf að vera málefnaleg og byggð á sanngirni og þekkingu á gildandi lögum og reglugerðum. Gagnrýni á að vera þannig að hún geri gagn en rífi ekki niður. Það eru sameigninlegir hagsmunir allra í hreyfingunni að svo sé.

Eitt af fyrirsjáanlegum vandamálum næstu ára er skortur á dómurum. Eins og kunnugt er þá fer enginn leikur fram án dómara og það þarf að jafnaði tvo dómara í hvern leik. Þegar horft er á leik þá virðist hins vegar ekki vera skortur á dómurum því þeir eru margir í hverjum leik þegar grannt er skoðað. Það eru allir leikmenn, þjálfarar og áhorfendur viðkomandi leiks. Staðreyndin er hins vegar sú að það er ekki nema örlítið brot af þessum sjálfskipuðu dómurum sem gefur sig í raunverulega dómgæslu.
Til þess að bæta úr dómaraskorti þá þurfa félögin að fylla upp í þann ramma sem Blaksambandið býr til með hinum ýmsu dómaranámskeiðum.

Til þess að framfarir verði í blakinu hér á landi þá þurfa aðstandendur þess að breyta hugsun sinni og nálgun gagnvart öllu því sem íþróttinni viðkemur.

Í byrjun janúar var haldinn fundur með fulltrúum félaganna sem kepptu í efstu deild. Þar var m.a. farið yfir títtnefnda umgjörð heimaleikja. Á þeim fundi virtist svo sem að einhverjir fulltrúar væru að sjá hana í fyrsta skipti þó svo að hún hafi verið send árlega til félaganna allnokkur undanfarin ár.
Á þessum fundi var einnig ákveðið að stofna umgjarðarhóp fyrir Bikarkeppnina og hittast svo nokkrum vikum síðar til þess að vinna úr hugmyndum. Á þann fund mættu einungis 2 fulltrúar frá 8 liðum.

Það má ekki skilja orð mín svo að allt sé í ólestri innan hreyfingarinnar. Það hefur margt áunnist á undanförnum árum og sóknarfæri framtíðarinnar eru mikil. Til þess að nýta þau þarf hugur að fylgja máli. Þar eru félögin í lykilhlutverki. Stjórn sambandsins hverju sinni býr til umgjörðina sem félögin fylla svo inn í.

Ársþing BLÍ er æðsta vald í málefnum blakíþróttarinnr á landinu. Á þinginu verða lagðar línur fyrir næstu skref hreyfingarinnar. Hér eiga menn að taka til máls ef þeir hafa skkoðanir til þess að auðga umræðuna en ekki bara til þess að vera sammála fjöldanum. Starf ykkar hér á þinginu er því blakhreyfingunni mikilvægt.

Ég óska ykkur velfarnaðar í störfum ykkar hér á þinginu.

Ég segi 42. ársþing Blaksambands Íslands sett.

Kjörbréfanefnd Sigurbjörn Árni Arngrímsson gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Alls eru 22 fulltrúar mættir af 106 sem hafa rétt til setu á þinginu. Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréfin verið samþykkt og eru þau samþykkt samhljóða

4. **Reikningar síðasta starfsárs**

   Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BLÍ les upp ársreikninga og skýrir þá, leggur fram rekstraráætlun 2014.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs vegna skýrslu stjórnar eða reikninga.
Reikningar bornir upp og samþykkt samhljóða.
Skýrsla stjórnar borin upp og samþykkt samhljóða.

6. **Ávarp fulltrúa ÍSÍ**
   Líney Rut Halldórsdóttir flytur ávarp ÍSÍ og færði þingheimi kveðjur framkvæmdastjórnar og forseta ÍSÍ.
   Lárus Blöndal tók við að Ólafi Rafnssyni sem lést fyrir tæpu ári síðan.
   Samkvæmt lögum ÍSÍ þá tekur varaforseti við er forseti andast. Helga Steinunn Guðmundsdóttir tók við sem varaforseti.
   Líney hrósaði blakfólki fyrir umsjón og framkvæmd undankeppni Evrópumóts smáþjóða sem haldið var um síðustu helgi, gaman var að sjá þessa miklu umfjöllun um blak í fjölmiðlum.
   Hún þakkaði þingheimi almennt fyrir góð störf úti í hreyfingunni og minntist einnig á það að muna eftir sjálfboðaliðavefnum. Hún hvatti þingfulltrúa til að kíkja á vefinn því það væri fróðlegt að sjá og fá BLÍ til að taka saman þær stundir sem fóru í mótið um síðustu helgi.
   Líney minntist á fyrirmyndarfélög ÍSÍ og að sveitarfélög veita sérstaka fjármuni til þeirra félaga sem hafa fengið þennan stimpil.
   ÍSÍ setti á laggirnar hreyfitorg – vef sem landlæknir er líka aðili að.
   Í dag er kvennahlaupið haldið og það er von á metþátttöku á 25 ára afmæli hlaupsins. Erum ánægð með aukningu í almenningsíþróttum.
   ÍSÍ gerði breytingar á skrifstofunni, Ragnhildur Skúladóttir tók við fræðslumálum. Ragna Ingólfsdóttir kom inn sem rekstrarstjóri kynningarmála. Örvar Ólafsson var færður úr Lyfjaeftirliti yfir í Afrekssvið og Birgir Sverrisson var ráðinn inn í lyfjaeftirlitið.
   Smáþjóðaleikar í blaki fara fram í Laugardalshöll – frjálsíþróttarmegin og strandblakið verður við Laugardalslaugina.
   Að lokum þakkaði Líney skrifstofu sambandsins, Sævari og nýjum starfsmanni fyrir samstarfið og svo sagði hún að fjölmiðlar hljóta að fara að skynja það að blak er sjónvarpsvæn íþrótt.

7. **Fjárhagsáætlun næsta starfsárs**
   Sævar Már Guðmundsson leggur fram rekstraráætlun 2014 sem verður vísað til fjárhagsnefndar merkt sem þingskjal 1.

8. **Laga- og leikreglnabreytingar**
   Jason flytur tillögu um breytingar á 5. grein laga BLÍ. Þingforseti merkir skjalið þingskjal nr. 2
   Jason flytur tillögu frá Birni Guðbjörnssyni um heiðursformenn. Þingforseti merkir skjalið þingskjal nr. 3
   Þingforseti segir frá fundargerð Öldungaþings og merkir sem þingskjal 4. Hún

er ekki til umræðu heldur aðeins til afgreiðslu á þinginu.

9. **Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið**
   Sigurbjörn Árni Arngrímsson segir frá smávægilegum breytingum á reglugerð Íslandsmótsins og úrslitakeppni sem samþykkt var í fyrra. Þingforseti merkir þær sem þingskjal nr. 5.

10. **Umræður um framkomin mál og tillögur**
    Kristján Geir Guðmundsson vill ræða tillögurnar frá mótanefndinni. Hann taldi bráðnauðsynlegt að fjölga dómurum í neðri deildunum. Eins vill hann líka að félag sem sækir um að halda mót í neðri deildum eigi a.m.k. 2 dómara fyrir hvern völl og haldi sérstakt leikreglunámskeið ca 10 dögum fyrir mót. Dómaranefnd bauð upp á það að dómarar mættu á æfingar hjá félögunum en ekkert félag nýtti sér það. Hann hvatti félögin til þess að nýta þetta tilboð næsta vetur. Það myndi auka skilning á milli dómara og leikmanna og áherslur dómara yrðu skýrari.

    Fleiri tóku ekki til máls.

11. **Nefndarstörf** – hefjast kl. 10.15

    Þinghlé – hádegismatur kl. 11.30

    Að loknu þinghléi sæmdi formaður BLÍ Sævar Má Guðmundsson silfurmerki BLÍ.

12. **Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur**

    Þingforseti kallar eftir álitum nefnda klukkan 12.20.

    Formaður Allsherjar-, laga- og leikreglnanefndar:

    Stefán Jóhannesson gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

    Eftir nokkrar umræður um tillögur nefndarinnar var afgreiðslan þessi:

    Þingskjal nr. 5 – vísað til stjórnar BLÍ.
    Þingskjal nr. 2 – Samþykkt samhljóða
    Þingskjal nr. 3 – Vísað til stjórnar til frekari úrvinnslu.
    Þingskjal nr. 4 – Tillaga um að samþykkja þinggerð Öldungaþingsins fyrir utan þingskjöl 5-8. Hreggviður Norðdahl setur fram breytingatillögu um að vísa að öllu skjalinu til stjórnar sem sem skipar nefnd til þess að vinna úr þingskjölum 3-8.
    Ósk Jórunn spyr hvort ekki verði öruggt að sú nefnd sem verði skipuð skili ekki tillögum sínum svo tímanlega að þær taki gildi fyrir næsta öldungamót svo að ekki verði um árs frestun að ræða.

Friðrika Marteinsdóttir er sammála Ósk Jórunni og telur að öldungar verði pirraðir ef málið frestast um eitt ár.
Hrafnhildur Brynjólfsdóttir bendir á að Öldungaþingið hafi samþykkt þessar tillögur.

Reyndar hafi fáir mætt á þingið en margir séu þess væntanlega fegnir að farið verði ofan í saumana á þessum vandamálum.
Þingforseti ber upp tillöguna um að vísa þingskjölum 3-8 til stjórnar. Sigurbjörn Árni spyr úr sæti hvort hægt sé að setja þetta á fyrir næsta mót. Þingforseti svarar með því að hugsanlega sé hægt að setja bráðabirgðaákvæði þar að lútandi.
Helgi Einarsson spyr hvort þingið geti samþykkt umboð til stjórnar og nefndar. Þingforseti svarar því játandi.

> Tillagan er að þingskjölum 3-8 í þinggerð Öldungaþingsins verði vísað til stjórnar með bráðabirgðaákvæði um að nefndin vinni úr þessum hugmyndum og niðurstaðan verði kynnt til öldungaliðunum fyrir næsta öldungamót. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun ársins 2014 var samþykkt lítið breytt frá fjárhagsnefnd.

13. **Ákveðið gjald ævifélaga**
    Jason leggur til að gjald ævifélaga verði óbreytt eða krónur 100.000. Samþykkt öllum greiddum atkvæðum

14. **Önnur mál**
    Mælendaskrá opnuð –

    Jason Ívarsson byrjar á því að þakka Alþjóðablaksambandinu fyrir að útvega BLÍ þjálfarastyrk, Guðmundi Helga Þorsteinssyni eru færðar bestar þakkir fyrir það.

    Tími ársþingsins hefur verið til umræðu. Þingið hefur oftast verið haldið í maí en stundum ekki gefist tími til þess fyrr en í júní. Ef á að halda þingið fyrr en í maí þá er keppnistímabilið enn í gangi og erfiðara um vik að koma endanlegum úrslitum inn í ársskýrsluna.

    Á næsta ári eru Smáþjóðaleikar og þá kann að vera erfitt að halda ársþingið í maí.

    Varðandi útbreiðslu og kynningu þá skiptir það miklu máli. Það að rækta ungviðið skiptir mestu máli. Tekjuöflun er þung í vöfum. Það gekk ekkert eins og í sögu að fá styrktaraðila. Félögin sem voru í bikarkeppninni fengu tækifæri til að selja inn á leikinn. Það er hægara sagt en gert að afla peninga en mun auðveldara er að eyða þeim en afla þeirra.
    Jason minntist einnig á það að stuðningur ríkisvaldsins er skammarlega lítill og hann fullyrti það að tekjur ríkisins af mótahaldi síðustu helgar hafi verið margfalt meiri en framlag ríkisins til BLÍ.

    Kristján Geir Guðmundsson ræðir dómaramál og sagði að essi vetur sem er að líða hafi verið mjög erfiður. Reyndir dómarar hættu að dæma svo varð dómari fyrir árás leikmanns. Það ýtti við dómaranefndinni að setja saman reglur sem eiga hjálpa dómurum í því hvað eigi að gera þegar svona lagað ber að. Það þarf að fjölga dómurum og þar þurfa félögin að senda sjá til þess að senda sitt fólk á þau námskeið sem í boði eru. Ef félögin útvega ekki lágmarksfjölda dómara þá þarf að fara að beita sektum eins og heimild er fyrir.

Kristján tók saman störf dómara síðustu sex árin og þar kom í ljós að mjög mörg félög hafa enga dómara í sínum röðum.
Hann minntist einnig á það að það er ekki til neitt kerfi sem metur frammistöðu dómara og ekki mikill metnaður almennt í málefnum dómara.
Honum fannst að það þyrfti að bæta vinnubrögð innan stjórnar sambandsins. Setja nefndarstörf í fastari skorður, hafa fasta fundartíma og innleiða siðareglur. Einnig vildi hann færa form bikarkeppninnar til fyrra horfs og sekt fyrir það að mæta ekki til leiks væri það há að lið sæu sér ekki hag í því að mæta ekki í leiki.

Steinn Einarsson sagði að það væri gott að komin væri þriggja ára áætlun varðandi dómaramálin og hvatti stjórnina til að koma slíku skipulagi á og markmiðasetningu í fleiri þáttum með það í huga að efla blakið í landinu.
Hann vildi að dómaranefndin boðaði forsvarsmenn og þjálfara Úrvalsdeildarliðanna á fund í upphafi keppnistímabilsins og auka þannig samvinnu og koma í veg fyrir misskilning.
Hann vildi einnig að leikjum í Úrvalsdeild væri raðað niður samkvæmt töfluröð og að allar umferðir verði leiknar jafnt.

Gunna Kristín Einarsdóttir las upp eftirfarandi ályktun:

"Ályktun til Blaksambands Íslands.

Leikjafyrirkomulag í efstu deild karla og kvenna og niðurröðun móta yngri flokka - 2. og 3. flokkur.

Á aðalfundi Blakdeildar Aftureldingar þann 20. mars 2014, var samþykkt að skora á Blaksamband Íslands að sjá til þess að niðurröðun á Íslandsmót, bikarkeppni og úrslitakeppni í efstu deild karla og kvenna, verði með þeim hætti að leikmenn sem eru gjaldgengir í 2. og 3. flokki síns félags, geti tekið þátt í keppnum í sínum aldursflokki. Ef ætlunin er að byggja upp sterka yngri flokka í blaki á Íslandi er mikilvægt að Íslandsmót og bikarkeppni 2. og 3. flokks skarist ekki á við leikjafyrirkomulag efstu deildar.

Samþykkt á aðalfundi Blakdeildar Aftureldingar þann 20. Mars 2014"

Hún beinir þeim tilmælum til stjórnar BLÍ og mótanefndar að taka tillit til ofangreindrar ályktunar.
Hún lagði áherslu á það að mótamál yngri flokka væru mjög mikilvæg i uppbyggingu íþóttarinnar.
Henni fannst vanta meiri opna umræðu um strandblakið og skýrara ferli svo sem um val á landsliði.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson sagði að það yrði til mikilla hagsbóta að komið verði upp matskerfi fyrir dómara.
Hann mælir með því að taka upp hefðbundið kerfi í bikarkeppninni.
Varðandi mótanefnd þá sagði hann að nefndin hafi gert sitt besta í niðurröðun á mótum vetrarins. Hins vegar verður aldrei hægt að koma í veg fyrir að álag ungra leikmanna sem leika í mörgum flokkum verði mikið komið í veg fyrir álagið á þeim krökkum sem eru í mörgum flokkum.
Hann var sammála Steini um það að umferðir eiga að vera leiknar samhliða þó hafi mótanefnd ekki sett sig upp á móti því ef lið náðu samkomulagi um nýjan leikdag.

Hlöðver Hlöðversson ræddi um stigaskor leikmanna og taldi það gefa gleggri mynd að miða stigaskoriði við leiknar hrinur í stað leikja.

Kristján Geir Guðmundsson sagði að vandamál við niðurröðun dómara á leiki fælist m.a. í því að sumir dómarar væru einnig að keppa með liðum eða þjálfa lið í deildarkeppninni. Það þýddi að það væri mikið álag á sumum dómurum.

Fleiri tóku ekki til máls.

15. **Kosningar**;
    Kristján Geir Guðmundsson gerði grein fyrir störfum uppstillingarnefndar.

    Kosning tveggja meðstjórnenda til næstu tveggja ára. Stefán Jóhannesson og Kristján Geir Guðmundsson buðu sig fram og voru sjálfkjörnir.

    Varastjórn. Hreggviður Norðdahl, Brynja María Ólafsdóttir og Árni Jón Eggertsson voru þau sjálfkjörin í varastjórn BLÍ til eins árs.

    Tveir skoðunarmenn reikninga: Davíð Búi Halldórsson og Hjörtur Bjarki Halldórsson sjálfkjörnir til eins árs.

Þingforseti þakkar þingritara vel unnin störf og þingheimi fyrir gott þing og gaf svo Jasoni Ívarssyni formanni BLÍ orðið.

16. **Þingslit**

    Formaður BLÍ þakkar þingheimi fyrir störfin á þinginu og sagði gott til þess að vita að hreyfingin væri lifandi. Hann benti á að héðan færu þingfulltrúar út sem ein heild með það að markmiði að vinna að framgangi blaksins á landinu. Hann þakkaði þeim sem gengu úr stjórn um leið og hann bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Formaður þakkaði svo þingfulltrúum fyrir vel unnin störf og málefnalega umræðu. Hann þakkaði einnig framkvæmdastjóra fyrir góða vinnu við ársskýrslu sambandsins og við undirbúning þingsins. Að lokum þakkaði hann þingforseta fyrir röggsama stjórn á þingheimi og óskaði öllum góðrar heimkomu. Svo sagði hann 42. ársþingi BLÍ slitið.

    Þingi slitið klukkan 14.00.
    Sævar Már Guðmundsson, þingritari.
    Hreggviður Norðdahl þingforseti.

Rekstraráætlun fyrir 2014

ÞINGSKJ. 1
Samþykkt

	skýr	Áætlun 2014	Rauntölur 2013
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir.....	1	15.000.000	11.727.681
Mótatekjur.....	2	10.000.000	7.697.050
Aðrar tekjur.....	3	16.000.000	12.875.045
		41.000.000	32.299.776
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn.....	4	10.000.000	7.585.216
Íþróttaleg viðskipti.....	5	27.000.000	21.532.261
Kynning og fræðsla.....	6	2.000.000	597.540
Önnur gjöld.....	7	500.000	755.443
Afskriftir.....	8	500.000	510.422
		40.000.000	30.980.882
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		1.000.000	1.318.894
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....	9		1.838
Vaxtagjöld.....	10	-50.000	(46.054)
		(50.000)	(44.216)
Hagnaður (tap) ársins		950.000	1.274.978

Þingskjal 2
Samþykkt

Tillaga að lagabreytingu send til 42. ársþings BLÍ haldið 14. júní nk. í Reykjavík.
Flutningsaðili: Stjórn BLÍ

Breytingar við 5. grein laganna

Breytingar eru feitletraðar

Blakþingið fer með æðsta vald í málefnum BLÍ. Þingið sitja fulltrúar frá aðilum BLÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra blakiðkenda og fjölda liða sem spila í deildarkeppnum BLÍ, ***þannig að fyrir allt að 50 iðkendur kemur 1 fulltrúi og síðan 1 fulltrúi fyrir hverja 50 eða brot úr 50 iðkendum fram yfir það***. Fyrir hvert lið í **Úrvals**deild bætist síðan við 1 fulltrúi. Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags sem hefur blak innan sinna vébanda á rétt á 1 fulltrúa óháð iðkendafjölda.

Val fulltrúa á blakþing skal miðast mið fjölda iðkenda, félaga eða keppenda innan hvers héraðssamband/íþróttabandalags um síðastliðin áramót og skal þá tilgreina hver þessara kosta
skuldi gilda.

Að auki bætist við greinina
Heimilt er að blakþing sé pappírslaust þing ef hægt er að koma því við.

Þingið skal haldið árlega. Stjórn BLÍ skal boða það með sannanlegum hætti með minnst eins mánaðar fyrirvara.
Málefni, sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn BLÍ
minnst 21 degi fyrir þingið. Þá skal stjórn BLÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borist hafa, í síðasta lagi 14 dögum fyrir þing. Blakþingið er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

Stjórn BLÍ

Þingskjali 3 vísað til stjórnar til frekari úrvinnslu um heiðursformenn (sjá heimasíða BLÍ)
Þingskjali 4 var vísað til stjórnar og þaðan skipuð nefnd til að fjalla um reglugerð um Öldungamót.

Þinggerð Öldungaþings Blaksambands Íslands
sem haldið var í Teríu Íþróttahallarinnar á Akureyri
fimmtudaginn 1. maí 2014 kl. 21.00 – 22:30

Efnisyfirlit

Setning þingsins 15
Kosning starfsmanna þingsins 15
Breytingar á reglugerð um öldungamót BLÍ er lagðar verða fyrir næsta ársþing BLÍ 15
Tillaga 1 frá KA, sjá þingskjal 2 15
Tillaga frá ÍK, Aftureldingu, Álftanesi og HK, sjá þingskjal 3 16
Breytingatillaga við orðalagstillögu frá ÍK, Aftureldingu, Álftanesi og HK við grein 3.6, sjá þingskjal 4 16
Tillaga 2 frá KA og tillaga frá Sigurbirni Árna Arngrímssyni við grein 3.4, sjá þingskjöl 5 og 6 17
Breytingatillaga við tillögu KA um hvernig lið skuli raðast í riðla, sjá þingskjal 7 19
Tillaga KA með áorðnum breytingum, sjá þingskjal 8 19
Önnur mál 19
Kosning öldungs næsta öldungamóts 19
Umsókn Þróttar frá Neskaupsstað 20
Umsókn Stjörnunnar úr Garðabæ 20
Kynning síðasta mótshaldara á framkvæmd mótsins og ráðstöfun ágóða 21
Þingslit 21
Þingskjal 1 22
Dagskrá þingsins: 22
Þingskjal 2 23
Tillaga 1 frá KA: 23
Þingskjal 3 24
Tillaga frá ÍK, Aftureldingu, Álftanesi og HK um reglugerðarbreytinu til 39. öldungaþings BLÍ 24
Þingskjal 4 25
Orðalagstillaga frá *ÍK, Aftureldingu, Álftanesi og HK* sem fjallar um reglugerðarbreytinu til 39. öldungaþings BLÍ með áorðnum breytingum 25
Þingskjal 5 26
Tillaga 2 frá KA um grein 3.4 26
Þingskjal 6 27
Tillaga Sigurbjörns Árna Arngrímssonar um grein 3.4 27
Þingskjal 7 31
Breytingatillaga Sigurbjörns Árna Arngrímssonar við tillögu KA sem fjallar um reglugerðarbreytingu á grein 3.4 um öldungamót 31
Þingskjal 8 32
Tillaga KA með áorðnum breytingum 32

Setning þingsins

Haukur Valtýsson setti þingið og bauð alla velkomna. Hann fór yfir að hvert lið sem skilaði inn kjörbréfi fengi atkvæðaseðil hjá skipuleggendum þingsins. Eitt atkvæði er fyrir hvert lið en öldungaráð hefur samþykkt það fyrirkomulag að lið geti fengið aðila til að fara með atkvæði ef liðið er að spila.

Kosning starfsmanna þingsins

Haukur stýrði kosningum starfsmanna þingsins. Lagði hann til að þingforseti yrði Sigurbjörn Árni Arngrímsson og ritari Hafdís Kristjánsdóttir. Það var samþykkt með lófaklappi. Haukur óskaði að lokum eftir málefnalegu þingi.

Sigurbjörn Árni tók við þingstjórn og lagði til við þingið að tveir ritarar myndu starfa og stakk upp á Hauki Valtýssyni. Það var samþykkt með lófaklappi. Að því loknu fór hann yfir dagskrá þingsins (sjá þingskjal 1 bls. 10) og gerði að tillögu sinni breytingu á henni. Hann lagði til að endað yrði á því að kjósa öldung. Það var samþykkt með handauppréttingu.

Breytingar á reglugerð um öldungamót BLÍ er lagðar verða fyrir næsta ársþing BLÍ

Þingforseti ákvað að fyrst yrði tekin fyrir tillaga 1 frá KA (sjá þingskjal 2 bls. 11) því næst yrði farið yfir tillögu frá frá ÍK, Aftureldingu, Álftanesi og HK (sjá þingskjal 3 bls. 12) og að lokum yrði farið yfir tillögu 2 frá KA (sjá þingskjal 5 bls. 14) og tillögu hans sjálfs (sjá þingskjal 6 bls. 15-17) þar sem þær fjalla báðar um breytingu á sömu grein reglugerðarinnar.

Tillaga 1 frá KA, sjá þingskjal 2

Sigurbjörn Árni gerði þinginu grein fyrir tillögunni sem fjallar um grein 3.5 í reglugerðinni (um númer leikmanna). Þinggestir gátu einnig lesið hana þar sem textanum var varpað á skjá eins og öllum öðrum tillögum. Enginn frá KA fylgdi málinu eftir þar sem menn töldu að hún skýrði sig sjálf.

Þingforseti leyfði umræðu og fyrirspurnir.
Spurning kom úr sal um hvort einhverjar reglur væru í gildi nú þegar. Sigurbjörn Árni svaraði því og benti á að að reglum sem eru hafi ekki verið fylgt. Að því loknu bar hann tillöguna fram til samþykktar. Þeir sem voru með atkvæðaseðla gáfu merki. Tillaga var samþykkt með öllum atkvæðum nema 5 og þar með samþykkt með þorra atkvæða.

Tillaga frá ÍK, Aftureldingu, Álftanesi og HK, sjá þingskjal 3

Sigurbjörn Árni fór yfir tillöguna sem var um orðalagsbreytingu í grein 3.6. Mundína Jónsdóttir sagði að ekki væri þörf á að fylgja tillögunni eftir þar sem hún skýrði sig sjálf. Tillagan er um að verði lið uppvíst að ólöglegri liðsskipan tapi það öllum leikjum sínum í deildinni 2 – 0 (25 – 0 og 25 – 0) og falli því sjálfkrafa niður um deild en í núverandi grein stendur að ef lið sem verður uppvíst að ólöglegri liðsskipan tapi einungis leiknum 2 –0 (25-0, 25- 0).

Þingforseti leyfði umræðu og fyrirspurnir.
Jón Ólafur Valdimarsson (Hamri) spurði hvernig skilgreina ætti ólöglegt lið.
Svör komu bæði úr sal og frá þingforseta. Koma á í veg fyrir að lið komi með of unga leikmenn.
Þorvaldur Einarsson (Þrótti Neskaupsstað) vildi að þetta yrði skilgreint betur. Þingforseti lagði til að hann kæmi með breytingatillögu.
Ólafur Daníelsson (Snerti) sagði að það væru svo margir möguleikar á að leysa vandamál ef einhver slasast. Hann sagði að þyrfti að skilgreina þetta betur. Vildi fá hvað á að tilgreina í tillögunni.
Þorvaldur (Þrótti Neskaupsstað) benti á að um síðustu helgi hafi ekki öll lið verið búin að skrá inn leikmenn. Hann spurði hvort það gæti talist ólöglegt lið ef of seint væri skráð og liðið myndi þá fallið niður um deild.
Þingforseti tók saman og sagði að menn vildu að lið sem yrði upplýst af því að nota of ungan leikmann yrði dæmt ólöglegt lið.
Jón Ólafur spurði þá hvort lið sem skráir bara 5 leikmenn væri ólöglegt lið.

Þingforseti kom með breytingartillögu. Greinin endar þá á: Lið sem verður uppvíst að nota of ungan leikmann tapar öllum leikjum sínum í deildinni 2 – 0 (25 – 0 og 0 – 25) og fellur því sjálfkrafa niður um deild.

Breytingatillaga við orðalagstillögu frá ÍK, Aftureldingu, Álftanesi og HK við grein 3.6, sjá þingskjal 4 bls. 13

Vignir Hlöðversson Stjörnunni sagði að sér fyndist hart að lið yrði útskúfað og spurði hvort liðið ætti ekki bara að tapa leiknum og gæti liðið gæti haldið áfram ef það næði að redda öðrum leikmanni.
Óskar Þórðarson (Hyrnunni) spurði hvað lið sem gæti reddað sér löglegum leikmanni væri að

gera með ólöglegan leikmann.
Torfi Jóhannsson (HK) benti á að almenna reglan væri að ef lið verður uppvíst að ólöglegri liðskipan tapi þeim leik en ekki þeim sem eru á eftir.
Þingforseti benti á að vandinn lægi í að í öldungablakinu væru ekki skráðar leikskýrslur.

Þingforseti bar tillöguna með áorðnum breytingum upp.
Breytingatillagan var samþykkt samhljóða.

Tillaga 2 frá KA og tillaga frá Sigurbirni Árna Arngrímssyni við grein 3.4, sjá þingskjöl 5 og 6

Þingforseti taldi ekki rétt að hann segði frá tillögu KA þar sem hann væri sjálfur með tillögu að breytingu á sömu grein reglugerðarinnar. Hannes Garðarson fylgdi tillögu KA eftir og sagði að hún hafi fæðst rétt fyrir síðasta öldungamót og hafi verið kynnt á síðasta þingi. Hann sagði að þetta væri einföld tillaga sem ekki þyrfti að þróa mikið. Fram kom að allir fá sinn spilaskammt. Hannes lýsti fyrirkomulaginu sem tveimur göfflum og að hægt væri að halda skipulagi sem allir þekkja. Allir leikir skráðir eins og leikmenn eru vanir. Hann sagði að stundum þyrfti fleiri en 7 lið nema fjöldi liða væri tala sem 7 gengur upp í.
Hannes sagði að það yrði slys að samþykkja tillögu Sigurbjörns Árna. Ef það yrði gert myndu lið ekki vita hvenær þau væru að spila í seinni hluta mótsins og ef meiri hluti liða væri í óvissu um hvenær ætti að spila myndi það gera mótshald mjög erfitt því mörg lið hjálpa til við vinnu á mótunum.
Með tillögu KA myndu öll lið spila áfram með sama skammt af leikjum. KA vill ekki minnka skammtinn. Það færast tvö lið upp og niður. Hann sagði að með þeirra tillögu tæki það um 9-10 ár fyrir lið í 15 deild að komast upp í t.d. 1. deild en það væri örlítið meiri hraði í tillögu Sigurbjörns. En Hannes sagði að ef lið ætla að geta skipulagt mótið með sínum mannskap verði að samþykkja tillögu KA annars lendi þau í tómu tjóni.

Sigurbjörn Árni sagði að tillaga sín væri bara útfærsla á tillögu KA. Hann sagði að munurinn væri sá að gallinn við tillögu KA væri að upp úr 5. deild færi bara 1 lið úr A og 1 lið úr B. Hann bjó því til kvörn til að tryggja að tvö bestu liðin fari upp um deild.
Allir spila við alla 3 leiki. Efstu liðin úr riðlunum fara og spila. Tvö efstu fara upp í 6. deild 4 lið úr þessum 16 liða riðli falla í 8. deild. Hann er með kvörn og því lenda liðin ekki með sömu liðum á næsta móti.
Sigurbjörn sagði að munurinn á tillögunum tveimur væri sá að í hans tillögu væru meiri líkur á að tvö bestu liðin fari upp.

Þingforseti leyfði umræðu og fyrirspurnir.
Jón Ólafur sagði að sér fyndist að taka þyrfti á þessu máli þar sem mótið er að stækka svo mikið. Hann sagðist ekki vita hvor tillagan væri betri eða verri. Honum fannst að þetta mál ætti að fara í nefnd sem myndi koma með tillögu sem yrði lögð fyrir á næsta þingi og yrði þá samþykkt eða hafnað og tæki þá fyrst gildi árið 2016.
Þingforseti sagði að komin væri fram frávísunartillaga frá Jóni Óla um að málið yrði sett í nefnd sem ynni að málinu undir stjórn BLÍ næsta vetur.
Atli Freyr Björnsson (Þrótti Neskaupsstað) sagðist styðja tillögu Jóns Óla þar sem honum fannst þetta alltof stórt mál.
Katrín Sigurjónsdóttir (Rimum) benti á að tillaga KA hefði verið kynnt í fyrra og tillaga send fyrir þingið og vildi að tillögurnar yrðu afgreiddar.
Torfi (HK) spurði hvort splúnkunýtt lið geti dottið inn.
Sigurbjörn Árni útskýrði að öldungur gæti ráðstafað sætum í deildum. Hann geti fært hvaða lið sem hann vill eins og útfært er í tillögunum.
Katrín (Rimum) lýsti yfir stuðningi við tillögu KA og vill að það skipulag verði prófað á næsta móti. Lýst vel á tillögur beggja.
Óskar (Hyrnunni) benti á að tilgangslausir leikir verði ef tillaga Sigurbjörn Árna verði valin, lið sem fara hvorki upp né niður og að galli sé að mótið verði búið á fyrsta degi fyrir þau lið.
Sigurbjörn Árni sagði þetta rétt athugað hjá Óskari.
Ólafur (Snerti) spurði Hannes hvort hægt væri að nota þrífork í staðinn fyrir tvífork og af hverju KA hafi ekki tekið það til greina í staðinn fyrir heykvísl.
Hannes sagði að það væri inni í myndinni. Til að koma liðum á hæfilegan stað væri heimild öldungs til að ráðstafa lausum sætum. Hann sagði að KA hafi tekið ákvörðun um að setja Krákurnar í 9. deild þar sem þær voru að vinna 1. deildarlið hér fyrir norðan í vetur. Tillagan er til að leiðrétta stöðu liða en spurning hvað við viljum að þetta sé mikill hraði.
Katrín Pálsdóttir í Eik sagði að henni fyndist að við ættum að velja tillögu KA þar sem hún væri betri fyrir mótshaldara varðandi dómara.
Þingforseti sagði þinginu að alltaf ætti að bera upp frávísunartillögu fyrst ef hún kæmi fram. Hún er um að tillögunum verði vísað frá og unnið næsta vetur að útfærslu þeirra þannig að sátt verði um málið. Tillaga verði svo lögð fyrir þingið næsta vor.

Þingforseti bar frávísunartillöguna upp til atkvæða. 15 lið voru fylgjandi frávísunartillögunni en á móti voru miklu fleiri þannig að frávísunartillagan var felld með miklum meiri hluta.

Þingforseti sagði að næst skyldu greidd atkvæði um þá tillögu sem gengi lengra og hann mat það svo að það væri tillaga hans sjálfs. Enginn mótmælti því. 16 lið studdu hana en á móti voru miklu fleiri. Tillagan var því felld með yfirgnæfandi fjölda atkvæða.

Þingforseti bar því næst upp tillögu KA en byrjaði á að gera breytingartillögu við hana sem sneri að því hvernig lið raðast í riðla.

Breytingatillaga við tillögu KA um hvernig lið skuli raðast í riðla, sjá þingskjal 7 bls. 18

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar því næst upp tillöga KA með áorðnum breytingum.

Tillaga KA með áorðnum breytingum, sjá þingskjal 8 bls. 19

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fyrir þinginu lágu ekki fleiri tillögur en þingforseti leyfði umræður.

Þorvaldur Einarsson bar upp tillögu frá Þrótti Neskaupsstað.
Hann vildi gefa félögum meiri tíma til að skrá inn í Felix og fá þannig meira úr Lottósjóði.
Vill að þetta verði skoðað, að menn hafi lengri tíma til að skrá sig. Nú á að skrá 10 dögum fyrir mót.
Þingforseti sagði að þetta væri rétt hjá Þorvaldi en benti á að eins og þetta hafi verið praktíserað hafi verið hægt að skrá nánast fram að móti.
Þorvaldur benti á að þetta þurfi að vera rétt í reglugerð.
Atli Freyr (Þrótti Neskaupsstað) vill hægt sé að skrá fram að móti.
Óskar (Hyrnunni) sagði að ef hann skildi þetta rétt þá væri hægt að skrá í Felix hvenær sem er. Þetta er skráning inn á blak.is.
Hannes Garðarsson KA benti á að það væri ekki heimilt að koma með tillögu núna.
Þingforseti hvatti menn til að senda tillöguna á næsta ári í tæka tíð.

Önnur mál

Engin bað um orðið undir liðnum.

Kosning öldungs næsta öldungamóts

Þingforseti bað fulltrúa beggja liða, Þróttar og Stjörnunnar, um að koma upp og kastað var upp á hvor myndi byrja á kynningu. Stefán Jóhann Jóhannsson frá Þrótti vann hlutkestið.

Umsókn Þróttar frá Neskaupsstað

Stefán Jóhann Jóhannsson gerði grein fyrir umsókn Þróttar. Hann sagðist standa í umboði Þróttar sem vildi gjarnan fá mótið austur. Þróttur hélt mótið síðast árið 2003. Hann sagðist sjálfur hafa keppt í gestaliði það ár. Fram kom hjá honum að til að geta haldið mótið þurfi félagið að auka aðstöðuna ca. 200%. Það þarf 9 velli, helst 11, og ætla að nota tvö uppblásin hús. Gólf verður í þeim svipað og var í Kórnum í fyrra. Allt blak verður því á litlu svæði og svipuð stemming og í fyrra. Þau hús (uppblásin) sem þeir hafa skoðað eru aðveld í uppsetningu og aðvelt að halda hita í þeim. Búið er að ræða við bæjaryfirvöld. Sturtuaðstaða verður ekki í þessum húsum heldur í sundlaug og íþróttahúsi en annað s.s. sjoppa og slík verður í húsunum. Stefán Jóhann sagði að stutt yrði að skreppa í mat heim. Þátttökugjald yrði sama og í ár og skemmtanahald mikið. Ekki væri búið að ráða skemmtikrafta en rætt hafi verið við aðila. Hægt er að taka við 900 matargestum á lokahófið. Hann sagði að félagsmenn hafi heyrt að fólk hafi áhyggjur af gistimöguleikum en hann benti á að eitt nýtt hótel væri á staðnum og þar með yrðu 3 hótel og eitt gistiheimili er einnig á svæðinu. Þá væri stefnt að því að starfrækja gistimiðlun. HK gæti t.d. verið með 4 hús í röð í ákveðinni götu. Hann endaði kynninguna á að benda á að rómantíkin lægi í því að hafa mótið þar sem allir væru á sama stað.

Umsókn Stjörnunnar úr Garðabæ

Vignir Hlöðversson gerði grein fyrir umsókn Stjörnunnar úr Garðabæ fyrir hönd Brynju Maríu Ólafsdóttir.
Félagið ætlar að hafa mótið í samstarfi við Álftanes. Þau héldu mót síðast árið 2007. Félagið hefur 11 – 14 velli innin ákveðins radíus. Hafa barna og ungmennastarf og geta tekið 1100 manns í mat á lokahófi. Frítt verður í sund. Garðabær hefur sýnt þessu áhuga. Þau eru klár í slaginn og eru til í að taka verkefnið að sér.

Þingforseti leyfði 3 fyrirspurnir fyrir hvorn öldung fyrir sig.
Hildur Mósesdóttir (Fylki) spurði Stefán hvert hitastigið sé í blöðrunum.
Stefán sagði að það væri 18-20 gráður, loft einangrar og svo ætla þeir að nota blásara. Þeir reikna líka með hita frá leikmönnum.

Fulltrúar liðanna skrifuðu nafn þess öldungs sem þeir völdu aftan á atkvæðaseðilinn. Nóg var

að skrifa Brynja eða Stefán.

Atkvæðaseðlum var safnað í kassa hjá Hauki.

Þingforseti samdi vísu á meðan á kynningum á umsóknum stóð og flutti hana að þeim loknum.

> Á Kaleiknum verður að kjósa öldung
> Hvetja skal sitt fólk og hebba
> Veldurðu klof eða veldurðu pung
> Hvort velurðu Brynju eða Stebba

Kynning síðasta mótshaldara á framkvæmd mótsins og ráðstöfun ágóða

Enginn mætti frá HK til að gera grein fyrir ágóða síðasta öldungamóts. Óli (Snerti) vildi láta bóka óánægju vegna þessa og skoraði á HK að gera grein fyrir ágóðanum og hvernig honum hefði verið varið.
Torfi tók þessari áskorun. Hann þakkaði fyrir komuna á síðasta mót og sagði að þau hefðu verið himinlifandi með hve mótið tókst vel. Hann vildi ekki fullyrða um ágóðann en sagði að ef hann myndi rétt hafi hann verið um 1.500.000 krónur. Ábending kom úr sal um að ágóðinn hafi verið meiri. Torfi sagði að hluti ágóðans hafi farið í afreksstarf og uppbyggingu á barna og unglingastarfi. Hann sagði að til stæði að stofna afrekssjóð. Það hafi verið meginmarkmiðið.
Áskorun kom frá þinggesti að því yrði komið til HK að upplýsingar um ágóða síðasta móts yrðu settar á heimasíðuna.

Þingslit

Sigurbjörn Árni þingforseti þakkaði fyrir gott þing og sleit því kl. 22:30.

Þingritarar

Hafdís Kristjánsdóttir

Haukur Valtýsson

Þingskjal 1

Dagskrá þingsins:

1. Þingsetning

2. Kjörnir starfsmenn þingsins
a) Kosning þingforseta
b) Kosning þingritara

3. Kynning síðasta mótshaldara á framkvæmd mótsins og ráðstöfun ágóða
   Fulltrúi HK

4. Kosning Öldungs næsta Öldungamóts
   a) Kynning umsóknar Þróttar frá Neskaupsstað
   b) Kynning umsóknar Stjörnunnar úr Garðabæ

5. Breytingar á reglugerð um öldunagmót BLÍ, er lagðar verða fyrir næsta ársþing BLÍ
   a) Tillögur frá KA
   b) Tillaga frá Sigurbirni Árna Arngrímssyni
   c) Tillaga frá ÍK, Aftureldingu, Álftanesi og HK

6. Önnur mál

7. Þingslit

Þingskjal 2

Tillaga 1 frá KA:

Um breytingu á reglugerð um Öldungamót Blaksambands Íslands.

Í grein 3.5 bætist eftirfarandi málsgrein og skal hún vera næst síðasta málsgrein: Búningar leikmanna skulu merktir númerum frá 1 – 99.

Greinargerð: Samkvæmt reglum Blaksambands Íslands skulu búningar leikmanna merktir frá 1 – 20. Mörg félög senda fleiri en eitt lið, jafnvel mörg, til keppni á Öldungamóti. Númer á búningum hafa verið með ýmsu móti hingað til og reglum Blaksambandsins ekki fylgt eftir í þessu tilliti. Þá er hægt að benda á hagræði fyrir þau félög sem senda mörg lið til keppni.

Þingskjal 3

Tillaga frá ÍK, Aftureldingu, Álftanesi og HK um reglugerðarbreytinu til 39. öldungaþings BLÍ

Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu í grein 3.6, þar sem m.a. er fjallað um lið sem verða uppvís að ólöglegri liðsskipan. Gerð er tillaga um að síðustu setningu greinarinnar verði breytt á þann hátt að verði lið uppvíst að ólöglegri liðsskipan tapi það öllum leikjum sínum í deildinni 2 – 0 (25 – 0 og 25 – 0) og falli því sjálfkrafa niður um deild.

Núverandi grein 3.6 hljóðar svo:

Þátttökutilkynningar liða skal senda öldunganefnd eigi síðar en 30 dögum fyrir mót og skal þátttökugjald, sem er ákveðið af mótshaldara, fylgja tilkynningunni. Þátttökulið skulu senda öldunganefnd nafn og kennitölu allra keppenda og bera liðin fulla ábyrgð á að skráning leikmanna sé í samræmi við grein 1.2. Skráning liðsmanna skal vera lokið amk 10 dögum áður en mótið hefst. Leikmaður tilheyrir því liði sem hann hefur leik með. Lið sem verður uppvíst að ólöglegri liðsskipan tapar leiknum 2 –0 (25-0, 25- 0)

Eftir breytingu hljóðar grein 3.6 svo:

Þátttökutilkynningar liða skal senda öldunganefnd eigi síðar en 30 dögum fyrir mót og skal þátttökugjald, sem er ákveðið af mótshaldara, fylgja tilkynningunni. Þátttökulið skulu senda öldunganefnd nafn og kennitölu allra keppenda og bera liðin fulla ábyrgð á að skráning leikmanna sé í samræmi við grein 1.2. Skráning liðsmanna skal vera lokið amk 10 dögum áður en mótið hefst. Leikmaður tilheyrir því liði sem hann hefur leik með. Lið sem verður uppvíst að ólöglegri liðsskipan tapar öllum leikjum sínum í deildinni 2 – 0 (25 – 0 og 25 – 0) og fellur því sjálfkrafa niður um deild.

Þingskjal 4

Orðalagstillaga frá *ÍK, Aftureldingu, Álftanesi og HK* sem fjallar um reglugerðarbreytinu til 39. öldungaþings BLÍ með áorðnum breytingum

Þátttökutilkynningar liða skal senda öldunganefnd eigi síðar en 30 dögum fyrir mót og skal þátttökugjald, sem er ákveðið af mótshaldara, fylgja tilkynningunni. Þátttökulið skulu senda öldunganefnd nafn og kennitölu allra keppenda og bera liðin fulla ábyrgð á að skráning leikmanna sé í samræmi við grein 1.2. Skráning liðsmanna skal vera lokið a.m.k. 10 dögum áður en mótið hefst. Leikmaður tilheyrir því liði sem hann hefur leik með. Lið sem verður uppvíst að nota of ungan leikmann tapar öllum leikjum sínum í deildinni 2 – 0 (25 – 0 og 25 – 0) og fellur því sjálfkrafa niður um deild.

Þingskjal 5

Tillaga 2 frá KA um grein 3.4

Grein 3.3 í reglugerð um Öldungamót BLÍ verði svohljóðandi:
Keppt skal í deildum. Í deildum 1, 2, 3 og 4 eru 7 lið. Leikin er einföld umferð. Ár hvert færast tvö efstu lið deilda 1, 2, 3 og 4 upp í næstu deild og tvö neðstu lið þessara deilda færast niður um deild.

Í deild 5 og neðar, skulu vera 14 lið í A og B deildum. Efstu tvö í hvorri þessara deilda færast upp um deild og neðstu tvö lið sömu deildar færast niður um deild, lið í A deildum færast upp eða niður á næstu A deild. Í 5. deild færist þó einungis eitt lið upp þ.e. úr hvorri A og B deilda. Úr 4. deild fellur neðsta lið í B deild og næst neðsta lið í A deild.

Ef deildafjöldi er oddatala er síðasta deildin A deild og upp úr henni fara efstu tvö liðin, 1. sæti í næstu A deild og 2. sæti í næstu B deild. Úr þeim deildum fellur aðeins neðsta liðið úr hvorri deild.

Öldungur tekur ákvörðun um ráðstöfun lausra sæta í deildum.

Greinargerð með tillögu 2:
Í dag eru kvennadeildir 15. Nýtt lið sem byrjar keppni í mótinu, ætti að taka sæti í 15. deild. Það mundi taka liðið 14 ár að komast upp í efstu deild. Ef keppnisfyrirkomulag væri samkvæmt tillögu 2 hér að ofan, þá væru deildirnar 10. Samkvæmt því væri lið sem byrjaði í tíundu deild 9 ár að komast upp í efstu deild. Því næðist hér mun meiri möguleiki fyrir lið að vinna sig hraðar upp um deildir en bent hefur verið á að núverandi fyrirkomulag væri ekki nógu hvetjandi fyrir þau lið sem væru nýstofnuð og að byrja þátttöku í mótinu. Einkum á þetta við ef “betri lið” eru stofnuð og byrja þátttöku í mótinu í neðstu deild. Verðlaun verða veitt fyrir 1,2 og 3 sæti eins og í öðrum deildum, einnig A og B deildum.

Tilhögun á endurröðun í deildir 5 og neðar verða með eftirfarandi hætti á næsta öldungamóti verði þessi tillaga samþykkt: Efsta lið 5. deildar verður í deild 5A, næstefsta lið 5. deildar verður í deild 5B og svo koll af kolli. Sami háttur verður hafður á við að skipta upp 6. deild. 7. og 8. deildum verður skipt upp með sama hætti og 5. og 6. deildum og svo áfram . Núverandi 15. deild verður skipuð með sama hætti og er í dag en skiptist upp í A og B deildir eftir því sem ný lið koma inn og öldungur ákveður.

Þingskjal 6

Tillaga Sigurbjörns Árna Arngrímssonar um grein 3.4

Öldungaþing BLÍ 2013 samþykkir að breyta grein 3.4 í reglugerðinni um Öldungamót BLÍ. Grein 3.4 hljóðar svo í dag:

„Keppt skal í deildum. Í hverri deild eru 7 lið. Leikin er einföld umferð. Ár hvert færast tvö neðstu liðin niður í næstu deild og efstu tvö lið þeirrar deildar færast upp. Öldungur tekur ákvörðun um ráðstöfun lausra sæta í deildinni þegar lið mæta ekki til leiks.“

Eftir breytingar myndi grein 3.4 hljóða svo (rauðletrað eru breytingar):

Keppt skal í deildum. Í hverri deild í karlaflokki og sex efstu deildum í kvennaflokki eru 7 lið og þar er leikin einföld umferð. Ár hvert færast tvö neðstu liðin niður í næstu deild og efstu tvö lið þeirrar deildar færast upp. Í 7. deild kvenna leika 16 lið í fjórum riðlum A-D. Í hverjum riðli er leikin einföld umferð. Að þeirri umferð lokinni er liðunum endurraðað í fjóra riðla þannig að efstu lið riðla A-D leika einfalda umferð um sæti 1-4 og þannig koll af kolli. Ár hvert taka tvö efstu liðin í 7. deild sæti í 6. deild og fjögur neðstu lið 7. deildar falla í 8 deild. Liðin í 13. og 16. sæti leika að ári í 8. deild, A riðli og liðin í 14. og 15. sæti leika að ári í 8. deild, B riðli. Liðin í hverri deild neðan 7. deildar leika í 14 liða deildum í tveimur sjö liða riðlum, A og B. Leikin er einföld umferð í hvorum riðli. Ár hvert færast tvö efstu og tvö neðstu liðin á milli deilda eftir riðlum. Sé tala liða þannig að ekki er hægt að skipta þeim í tvo riðla í hverri deild í neðri deildum skal neðsta deild leikin í einum riðli og úr þeirri deild færast tvö lið upp um deild. Efsta liðið tæki sæti í B riðli deildarinnar fyrir ofan og það næstefsta sæti í A riðli. Eitt lið fellur þá úr hvorum riðli fyrir sig í neðstu riðlaskiptu deild. Öldungur tekur ákvörðun um ráðstöfun lausra sæta í deildinni þegar lið mæta ekki til leiks.

Útskýringar og rökstuðningur
Tillaga þessi snýr að því að breyta grein 3.4 í reglugerðinni um Öldungamót BLÍ. Tillagan snýst um að breyta deildarfyrirkomulaginu í kvennakeppninni til þess að ný lið sem ekki eru skipuð byrjendum í íþróttinni geti komist hraðar upp í gegnum deildirnar og í deild sem er í samræmi við getu leikmannanna. Í dag eru kvennadeildirnar 15 og tekur það því sjö ár að komast í 8. deild og 15 ár að komast í þá efstu. Tillagan er í raun önnur útfærsla af tillögu sem kom fram á Öldungaþinginu 2013 og var felld.

Tillagan gerir ráð fyrir að fyrstu sex deildirnar séu óbreyttar (í sjálfu sér skiptir ekki alveg öllu máli hversu margar deildir eru óbreyttar, það gætu þess vegna verið fyrstu fjórar deildirnar). Í þessum deildum spila sjö lið og tvö færast upp og niður á milli deilda (og tvö neðstu liðin úr 6. deild falla í þá sjöundu).

1. deild 7 lið
2. deild 7 lið
3. deild 7 lið
4. deild 7 lið
5. deild 7 lið
6. deild 7 lið

Í 7. deild yrðu svo 16 lið. Þessum liðum yrði skipt í fjóra jafnsterka* riðla (A-D) þar sem hvert lið fengi þrjá leiki (allir spila við alla). Að þeirri riðlakeppni lokinni yrði liðunum skipt aftur í fjóra riðla en nú þannig að efstu lið riðla A-D myndu spila um sæti 1-4 (allir við alla = þrír leikir á lið), liðin í öðru sæti í riðlum A-D myndu spila um sæti 5-8, liðin í þriðja sæti í riðlum A-D myndu spila um sæti 9-12 og liðin í neðsta sæti í riðlum A-D myndu spila um sæti 13-16. Tvö efstu liðin myndu taka sæti í 6. deild og fjögur neðstu falla í 8. deild. Liðin í 13. og 16. sæti myndu spila í 8. deild, A riðli og liðin í 14. og 15. sæti myndu spila í 8. deild, B riðli.

7. Deild sæti 1-4 4 lið Seinni hluti	7. Deild sæti 5-8 4 lið Seinni hluti	7. Deild sæti 9-12 4 lið Seinni hluti	7. Deild Sæti13-16 4 lið Seinni hluti
7. Deild A riðill 4 lið Fyrri hluti	7. Deild B riðill 4 lið Fyrri hluti	7. Deild C riðill 4 lið Fyrri hluti	7. Deild D riðill 4 lið Fyrri hluti

Neðri deildir (8. deild og neðar) myndu vera spilaðar í tveimur riðlum A og B**. í hverri deild yrðu 14 lið í tveimur 7 liða riðlum og færast tvö efstu og neðstu lið á milli deilda eftir riðlum (tvö neðstu liðin í 8A falla í 9A, tvö neðstu úr 8B falla í 9B, tvö efstu úr 9A fara í 8A og tvö efstu úr 9B fara í 8B).

8. Deild A riðill 7 lið	8. Deild B riðill 7 lið
9. Deild A riðill 7 lið	9. Deild B riðill 7 lið
10. Deild A riðill 7 lið	10. Deild B riðill 7 lið

Færi svo að tala liða væri þannig að ekki væri hægt að skipta þeim í jafn marga riðla í neðri deildum yrði neðsta deild spiluð í einum riðli og úr þeirri deild færu tvö lið upp. Efsta liðið tæki sæti í B riðli deildarinnar fyrir ofan og það næst efsta sæti í A riðli. Kæmi þessi staða upp, myndi einugis eitt lið falla úr hvorum riðli fyrir sig í neðstu riðlaskiptu deild.
*Riðlunum yrði raðað eftir úrslitum frá árinu áður. Sæti 3-12 halda röð sinni. Liðið sem yrði í 6. sæti í 6. deild yrði nr. 1 og liðið í 7. sæti í 6. deild nr. 2. Liðið í efsta sæti 8. deildar, A riðils yrði nr. 13 og liðið í öðru sæti sama riðils yrði nr. 16. Liðið í efsta sæti 8. deildar, B riðils yrði nr. 14 og liðið í öðru sæti sama riðils yrði nr. 15. Liðunum yrði svo raðað samkvæmt eftirfarandi töflu:

A riðill	B riðill	C riðill	D riðill
lið nr. 1	lið nr. 2	lið nr. 3	lið nr. 4
lið nr. 8	lið nr. 7	lið nr. 6	lið nr. 5
lið nr. 9	lið nr. 10	lið nr. 11	lið nr. 12
lið nr. 16	lið nr. 15	lið nr. 14	lið nr. 13

Þegar þessi deild yrði búin til upphaflega myndu þau 14 lið sem hefðu átt að skipa 7. og 8. deildir mynda þessa nýju deild (liðin í 7. deild fengju styrkleikaröðunina 1-7 eftir röð þeirra og lið 8. deildar styrkleikaröðunina 8-14 eftir röð þeirra). Auk þess væru laus pláss fyrir tvö lið í deildinni og yrði Öldungi falið að ráðstafa þeim sætum (þau lið fengju styrkleikaröðunina 15 og 16).

** Þessar deildir yrðu búnar til upphaflega úr þeim deildum sem fyrir eru. Þannig myndu 9. og 10. deildir mynda 8. deild. Þeim yrði raðað í riðla samkvæmt eftifarandi töflu (sams konar fyrirkomulag myndi gilda fyrir deildir þar fyrir neðan):

A riðill	B riðill
9. deild 2. sæti (lið nr. 2)	9. deild 1. sæti (lið nr. 1)
9. deild 3. sæti (lið nr. 3)	9. deild 4. sæti (lið nr. 4)
9. deild 6. sæti (lið nr. 6)	9. deild 5. sæti (lið nr. 5)
10. deild 7. sæti (lið nr. 7)	10. deild 1. sæti (lið nr. 8)
10. deild 3. sæti (lið nr. 10)	10. deild 2. sæti (lið nr. 9)
10. deild 4. sæti (lið nr. 11)	10. deild 5. sæti (lið nr. 12)
10. deild 7. sæti (lið nr. 14)	10. deild 6. Sæti (lið nr. 13)

Þingskjal 7

Breytingatillaga Sigurbjörns Árna Arngrímssonar við tillögu KA sem fjallar um reglugerðarbreytingu á grein 3.4 um öldungamót

Við tillögu KA bætist.

Lið skulu raðast í riðla samkvæmt eftirfarandi skipulagi:

Efsta lið í 5. deild verði í A riðli.
2. og 3. sæti verði í B riðli.
4. og 5. sæti í A riðli.
6. og 7. sæti í B riðli.
1. og 2. sæti í 6. deild í B riðli.
3. og 4. sæti í A riðli.
5. og 6. sæti í B riðli.
7. sæti í A riðli.

Þingskjal 8

Tillaga KA með áorðnum breytingum

Grein 3.4 í reglugerð um Öldungamót BLÍ verði svohljóðandi:
Keppt skal í deildum. Í deildum 1, 2, 3 og 4 eru 7 lið. Leikin er einföld umferð. Ár hvert færast tvö efstu lið deilda 1, 2, 3 og 4 upp í næstu deild og tvö neðstu lið þessara deilda færast niður um deild.

Í deild 5 og neðar, skulu vera 14 lið í A og B deildum. Efstu tvö í hvorri þessara deilda færast upp um deild og neðstu tvö lið sömu deildar færast niður um deild, lið í A deildum færast upp eða niður á næstu A deild. Í 5. deild færist þó einungis eitt lið upp þ.e. úr hvorri A og B deilda. Úr 4. deild fellur neðsta lið í B deild og næst neðsta lið í A deild.

Ef deildafjöldi er oddatala er síðasta deildin A deild og upp úr henni fara efstu tvö liðin, 1. sæti í næstu A deild og 2. sæti í næstu B deild. Úr þeim deildum fellur aðeins neðsta liðið úr hvorri deild.

Öldungur tekur ákvörðun um ráðstöfun lausra sæta í deildum.

Greinargerð með tillögu 2:
Í dag eru kvennadeildir 15. Nýtt lið sem byrjar keppni í mótinu, ætti að taka sæti í 15. deild. Það mundi taka liðið 14 ár að komast upp í efstu deild. Ef keppnisfyrirkomulag væri samkvæmt tillögu 2 hér að ofan, þá væru deildirnar 10. Samkvæmt því væri lið sem byrjaði í tíundu deild 9 ár að komast upp í efstu deild. Því næðist hér mun meiri möguleiki fyrir lið að vinna sig hraðar upp um deildir en bent hefur verið á að núverandi fyrirkomulag væri ekki nógu hvetjandi fyrir þau lið sem væru nýstofnuð og að byrja þátttöku í mótinu. Einkum á þetta við ef "betri lið" eru stofnuð og byrja þátttöku í mótinu í neðstu deild. Verðlaun verða veitt fyrir 1,2 og 3 sæti eins og í öðrum deildum, einnig A og B deildum.

Tilhögun á endurröðun í deildir 5 og neðar verða með eftirfarandi hætti á næsta öldungamóti
Efsta lið í 5. deild verði í A riðli.
2. og 3. sæti verði í B riðli.
4. og 5. sæti í A riðli.
6. og 7. sæti í B riðli.
1. og 2. sæti í 6. deild verði í B riðli.
3. og 4. sæti í A riðli.
5. og 6. sæti í B riðli.
7. sæti í A riðli.

7. og 8. deildum verður skipt upp með sama hætti og 5. og 6. deildum og svo áfram .
Núverandi 15. deild verður skipuð með sama hætti og er í dag en skiptist upp í A og B deildir eftir því sem ný lið koma inn og öldungur ákveður.

Þingskjal 5 – var vísað til stjórnar BLÍ

Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni Blaksambands Íslands

1. Úrvalsdeild og Deildakeppni BLÍ

1.1 Íslandsmót Blaksambands Íslands skal leikið annars vegar í Úrvalsdeild og hins vegar í Deildakeppni.

1.2 Úrvalsdeild Blaksambands Íslands skal skipuð að hámarki 12 liðum. Einungis eitt lið frá hverju aðildarfélagi BLÍ getur verið í Úrvalsdeildinni.

1.3 Deildakeppni Blaksambands Íslands skal leikin í jafn mörgum deildum og þurfa þykir hverju sinni en að jafnaði skal miðað við að hafa átta lið í deild. Efsta deild í Deildakeppni BLÍ er 1. deild. Þau lið sem ekki taka þátt í Úrvalsdeildinni (sjá grein 1.2.), þ.m.t. undirlið (s.s. b-lið) félaga í Úrvalsdeildinni, geta tekið þátt í Deildakeppni BLÍ.

1.4 Lið Úrvalsdeildarinnar falla ekki úr henni nema ef um 12 liða deild sé að ræða. Þá fellur neðsta lið Úrvalsdeildarinnar í 1. deild óski efsta gjaldgenga lið 1. Deildar eftir sæti í Úrvalsdeild. Úrvalsdeildarlið geta samt óskað eftir tilfærslu í Deildakeppnina. Einungis getur þó eitt lið frá sama aðildarfélagi BLÍ verið í efstu deild Deildakeppninnar (sjá grein 3.3). Lið í Deildakeppninni geta skráð sig í Úrvalsdeildina sé ekki annað lið frá sama aðildarfélagi BLÍ fyrir í Úrvalsdeildinni.

1.5 Sama stigakerfi, leikreglur og reglur um notkun leikmanna gilda í Úrvaldsdeildinni og Deildakeppninni nema að annað sé tilgreint. Til að vinna leik þarf þrjár unnar hrinur, hver hrina er upp í 25 en oddahrina er 15 stig. Tvö stig þarf að skilja á milli til að hrina vinnist. Ef spilað er með hraðmótafyrirkomulagi vinnst sigur í leik þegar tvær hrinur hafa unnist, annars sama fyrirkomulag.

1.6 Fyrir hvern unninn leik fær sigurliðið 3 stig, nema ef leikur endar 3 – 2 þá deilast stigin á milli liða þannig að sigurlið fær 2 stig og taplið 1 stig. Ef spilað er með hraðmótafyrirkomulagi fær sigurlið 3 stig nema ef leikur endar 2 – 1 þá deilast stigin á milli liða þannig að sigurlið fær 2 stig og taplið 1 stig.

1.7 Sjö leikjahæstu leikmönnum hvers liðs í Úrvalsdeildinni er óheimil þátttaka í Deildakeppninni. Þeir leikmenn Úrvalsdeildar sem ekki eru á meðal sjö leikjahæstu í hverju liði fyrir sig mega leika með einu undirliði sama aðildarfélags. Þeir leikmenn sem svo færast niður mega einungis spila í þeirri deild Deildakeppninnar sem næst stendur Úrvalsdeildinni. Þeir sjö leikmenn sem eru leikjahæstir í hverju liði í hverri deild í Deildakeppninni mega ekki leika niður fyrir sig en aðrir mega færast niður á sama hátt og Úrvalsdeildarleikmenn. Þetta gildir þó ekki um leikmenn sem tilheyra 3.flokki eða yngri sem mega spila með öllum deildum óháð leikjafjölda. Hver leikmaður getur einungis spilað í tveimur deildum á sama keppnistímabili.

1.8 Leikjafjöldi er talinn þannig að komi leikmaður inn á í leik telst hann hafa spilað leikinn. Frelsingi/frelsingjar á skýrslu teljast einnig hafa spilað leikinn (allar hrinur). Séu fleiri en einn leikmaður jafnir í sjöunda sæti yfir leikjahæstu

leikmenn liðs skulu taldar hrinur til að skera úr um sjö leikjahæstu leikmenn. Séu leikmenn enn jafnir í sjöunda sæti má enginn þeirra spila með liði neðri deilda.

1.9 Skipti leikmaður um lið á tímabilinu teljast þeir leikir sem hann hefur þegar leikið á tímabilinu með því liði sem hann gengur í. Hann getur því strax orðið einn af sjö leikjahæstu mönnum þess liðs sem hann gengur í. Leikir hans teljast því ekki lengur með því liði sem hann gengur úr og getur hann ekki verið meðal sjö leikjahæstu leikmanna þess.

1.10 Ef tvö eða fleiri lið frá sama aðildarfélagi BLÍ leika í sömu deild Deildakeppni BLÍ má færa leikmenn á milli liða eftir að mótið er hafið að því tilskyldu að slík skipti milli liða séu tilkynnt til BLÍ. Almennar reglur félagaskipta um biðtíma leikmanna eftir leikheimild gilda um slíkar tilfærslur.

1.11 BLÍ er heimilt að selja nafn Úrvalsdeildarinnar og deilda innan Deildakeppninnar. Slíkur samningur skal vera BLÍ og liðunum í viðkomandi keppni til hagsbóta.

1.12 Lið skulu tilkynna til BLÍ um fyrirhugaða þátttöku í síðasta lagi þann 1. júní ár hvert og skal sækja um leikmannaleyfi fyrir leikmenn liðanna í síðasta lagi 15. september ár hvert. BLÍ gefur út leyfi fyrir hvern leikmann fyrir upphaf Íslandsmóts og Deildakeppni BLÍ. Hver leikmaður getur verið á leikmannaleyfum tveggja liða sama aðildarfélags BLÍ.

1.13 Öll lið í Deildakeppni BLÍ greiða þátttökugjöld til BLÍ og skal liðum tilkynnt um upphæð gjalds fyrir næsta tímabil eigi síðar en 10. júní ár hvert. Liðin skulu greiða óendurkræft staðfestingargjald sem nemur 30% af þátttökugjaldinu fyrir 15. júní ár hvert. Afgang þátttökugjaldsins skal greiða fyrir 15. ágúst ár hvert.

1.14 Mótanefnd raðar upp mótinu miðað við staðfestar skráningar liða 15. júní og skulu drög að mótahaldi vetrarins vera tilbúin a.m.k. í stórum dráttum 30. júní ár hvert. Lið sem vilja halda túrneringar neðri deilda skulu sækja um slíkt túrneringahald fyrir 1. ágúst ár hvert.

2. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í Úrvalsdeild

2.1 Í Úrvalsdeild skal leikið í bæði karla- og kvennaflokki. Öllum blakfélögum á Íslandi innan ÍSÍ er heimilt að óska eftir þátttöku í Úrvalsdeildinni og skulu að hámarki 12 lið skipa deildina hverju sinni og tvöföld umferð leikin. Séu sex lið eða færri í Úrvalsdeild skal leika fjórfalda umferð og séu þrjú lið eða færri í Úrvalsdeild skal leika sexfalda umferð. Þegar hefðbundnum umferðum er lokið vinnur efsta liðið deildarmeistaratitil.

2.2 Að lokinni deildarkeppni Úrvalsdeildar hefst úrslitakeppni milli efstu liða um Íslandsmeistaratitilinn. Leikin skal úrslitakeppni átta efstu liða. Deildarmeistararnir mæta liðinu sem varð í 8. sæti (leikur A), liðið í 2. sæti liðinu í 7. sæti (leikur B), liðið í 3. sæti liðinu í 6. sæti (leikur C) og liðið í 4. sæti liðinu í 5. sæti (leikur D). Þau lið sem fyrst vinna tvo leiki leika til undanúrslita og mætast þá annars vegar sigurvegarar í leikjum A og D og hins vegar sigurvegarar leikja B og C. Þau lið sem fyrst vinna tvo leiki leika til úrslita um

Íslandsmeistaratitilinn og verður það lið Íslandsmeistari sem fyrr vinnur þrjá leiki. Spilað er til skiptis á heimavöllum liðanna þannig að liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

2.3 Ef átta lið eða færri eru í Úrvalsdeildinni skal leikin úrslitakeppni fjögurra efstu liða um Íslandsmeistaratitilinn. Deildarmeistararnir mæta liðinu sem varð í 4. sæti og liðið í 2. sæti liðinu í 3. sæti. Þau lið sem fyrst vinna tvo leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn og verður það lið Íslandsmeistari sem fyrr vinnur þrjá leiki. Spilað er til skiptis á heimavöllum liðanna þannig að liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

2.4 Ef þátttökulið í Úrvalsdeild eru fjögur eða færri skal úrslitakeppnin taka mið af því með því móti að neðsta liðinu í deildinni er aldrei heimilt að taka þátt í úrslitakeppninni. Ef úrslitakeppni er aðeins á milli þriggja efstu liða þá hvíla deildarmeistarar í undanúrslitum.

2.5 Þegar lið/félög hafa samþykkt leikjaplan fyrir úrslitakeppnina eru þau ábyrg fyrir að útvega keppnisstað sem uppfyllir kröfur BLÍ. Geti félag/lið ekki útvegað hús á tilsettum degi skal BLÍ í samráði við það félag sem á heimaleikjarétt finna aðra lausn.

3. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í Deildakeppni

3.1 Öllum blakfélögum innan ÍSÍ er heimil þátttaka og hefur hvert blakfélag rétt á að senda til keppni eins mörg lið og það óskar. Keppt er í bæði karla- og kvennadeildum frá 1. deild og niður. Hver deild skal að jafnaði skipuð átta liðum og má einungis eitt lið frá sama aðildarfélagi BLÍ vera í efstu deild Deildakeppninnar nema ef Deildakeppnin er leikin í einni deild. Engin takmörk eru á fjölda liða frá hverju aðildarfélagi BLÍ í 2. deild og neðar. Mótanefnd BLÍ er heimilt að setja á riðlakeppni eftir landshlutum verði þátttaka þannig að slíkt sé mögulegt. Lið geta skráð sig til þátttöku í þeim riðli sem hentar best. Ef mögulegt er skal vera sama keppnisfyrirkomulag á mótahaldi vetrarins í riðlum sömu deildar.

3.2 Það lið sem sigrar deildarkeppni viðkomandi deildar er deildarmeistari þeirrar deildar eða deildarmeistari riðils þeirrar deildar sé deildinni riðlaskipt.

3.3 Í 1. deild skal leikin tvöföld umferð, heima og að heiman. Tvö neðstu lið 1. deildar falla niður í 2. deild (innan riðla ef riðlaskipt) og tvö efstu lið 2. deildar koma í þeirra stað (innan riðla ef riðlaskipt). Skrái lið 1. deildar sig til keppni í Úrvalsdeild skal færa þrjú lið (eða fleiri) upp úr 2. deild til að viðhalda réttum fjölda liða nema að Úrvalsdeildarlið skrái sig til keppni í Deildakeppninni á sama tíma. Að sama skapi ef Úrvalsdeildarlið skráir sig til keppni í Deildakeppninni skal færa þrjú (eða fleiri) neðstu lið 1. deildar niður í 2. deild til að viðhalda réttum fjölda liða nema að lið í 1. deild skrái sig til keppni í Úrvalsdeild á sama tíma. Þó er Mótanefnd BLÍ heimilt að fjölga liðum í 1. deild í allt að tíu vegna skráninga Úrvalsdeildarliða í Deildakeppnina. Fleiri en eitt lið frá hverju aðildarfélagi BLÍ geta þó ekki verið í 1. deild hverju sinni þannig að ef Úrvalsdeildarlið skráir sig til þátttöku í Deildakeppninni og lið frá sama aðildarfélagi BLÍ er fyrir í 1. deild færist það lið

félagsins niður í 2. deild. Slíkar tilfærslur liða frá sama félagi á milli deilda vegna þess að félög mega ekki hafa meira en eitt lið í 1. deild eru gerðar áður en neðstu lið 1. deildar eru færð niður um deild. Allar tilfærslur sem miða að því að halda réttum fjölda liða í 1. deild skulu ganga niður í gengum allar neðri deildir.

3.4 Í 2. deild og þar fyrir neðan er leikið með hraðmótafyrirkomulagi. Leikin skal tvöföld umferð nema ef lið eru sjö eða færri en þá skal tilgreina fjölda umferða fyrir upphaf keppni í viðkomandi deild. Miðað skal við að liðin fái a.m.k. 14 leiki í deildarkeppninni. Tvö efstu lið í 2. deild færast upp og tvö neðstu liðin falla í 3. deild (innan riðla ef riðlaskipt). Úr 3. deild koma tvö efstu liðin upp og tvö neðstu liðin falla í 4. deild og svo koll af kolli (innan riðla ef riðlaskipt). Sömu reglur gilda um tilfærslu liða til að viðhalda réttum fjölda liða í deild eins og fram koma í grein 3.3. Þannig getur lið ekki farið upp úr 2. deild ef sama aðildarfélag BLÍ hefur lið fyrir í 1. deild. Í slíkum tilfellum færist næsta lið úr 2. deild upp.

4. Ákvæði frá dómaranefnd.

4.1 Til að öðlast þátttökurétt í Úrvalsdeild karla og kvenna þarf hvert karlalið og hvert kvennalið að tilnefna tvo virka dómara til að dæma fyrir þess hönd á keppnistímabilinu og skal annar vera landsdómari. Lið í 1. deild Deildakeppninnar skulu tilnefna a.m.k. einn virkan dómara. Hver dómari skal skuldbundinn til að dæma a.m.k. 10 leiki á keppnistímabilinu. Skal tilkynna til dómaranefndar fyrir 1. september ár hvert um þessa dómara, að öðrum kosti þarf að halda dómaranámskeið fyrir liðið. Dómaranefnd er heimilt að veita undanþágu ef til vandræða horfir en dómaranefnd skal a.m.k. halda eitt dómaranámskeið á ári.

4.2 Útvegi lið ekki þá dómara á keppnistímabilinu samkvæmt grein 4.1 er heimilt að sekta liðið um **kr. 20.000,-** fyrir hvern dómara sem uppá vantar.

4.3 Hvert lið sem sækir um að halda túrneringu/ar í 2. deild og neðar þarf að fá leikreglunámskeið fyrir fyrstu túrneringuna sem það heldur á tímabilinu. Hvert lið sem sækir um að halda túrneringu/ar í 2. deild og neðar þarf að leggja til a.m.k. tvo dómara fyrir hvern völl sem notaður er í túrneringunni sem skulu skuldbundnir til að dæma a.m.k. 80% leikja þeirrar túrneringar. Útvegi lið ekki tvo dómara fyrir hvern völl sem notaður er í túrneringunni er heimilt að sekta liðið um **kr. 10.000,-** fyrir hvern dómara sem uppá vantar.

4.4 Ef dómari getur ekki dæmt þann leik sem hann er settur á ber að snúa sér til annars dómara. Dómarar geta skipt við aðra dómara. Héraðsdómari má ekki vera aðaldómari í Úrvalsdeild.

4.4 Dómarar skulu mæta ekki síðar en 30 mínútum fyrir leik. Ef dómari lætur ekki meðdómara eða heimalið vita að honum muni seinka vegna óviðráðanlegra atvika eða hreinlega mætir ekki til leiks án þess að tilkynna forföll og er ekki kominn í hús þegar hlutkest fer fram geta fyrirliðar liðanna gert athugasemd um það á leikskýrslu. Ef sami dómari hefur fengið a.m.k. þrjár slíkar athugasemdir á leikskýrslu þá getur dómaranefnd meinað þeim dómara að dæma frekar á keppnistímabilinu.

5. Leiðbeiningar um umsjón heimaleikja

5.1 Net skal vera uppsett og frágengið 30 mín. fyrir leik.

5.2 Netspírur, net, stigatöflur og tvö sett af skiptispjöldum númeruð 1-20 skulu vera í lagi og skv. reglum þar aðlútandi. Leikklukku skal nota í Úrvalsdeild með virku bjölluhljóði og niðurtalningu fyrir leikhlé og tæknileikhlé.

5.3 Ritari, töflumaður, stigaritari og boltafólk skal vera tilbúið til starfa 30 mínútum fyrir leik. Stigaritun og ritun leikskýrslu má ekki vera innt af hendi af sama aðila. Ritari og töflumaður skulu starfa á svæði ritaraborðs og aðaldómari skal samþykkja aðstöðu stigaritara. Mælst er til þess að boltafólk noti innanhússkó og það verður að ráða við verkið.

5.4 Stigaritari skal undirrita stigaskorblað undantekningarlaust. Mælst er til þess að sami aðili sjái um stigatalninguna allan leikinn, slíkt er líklegra til að tryggja samræmi.

5.5 Fjórir keppnisboltar með réttum loftþrýstingi skulu vera til staðar 30 mín. fyrir leik.

5.6 Tónlist skal vera til staðar um leið og vallarsvæði er laust fyrir leik.

5.7 Fyrir hvern leik skal farið eftir neðangreindum tímaramma

30 mín fyrir leik:	Dómarar mæta til leiks og sjá til þess að ritari hefji störf við ritun leikskýrslu, mælir bolta, athugar skiptispjöld og annan búnað sem þarf að vera til staðar og á að vera í lagi.
16 mín fyrir leik:	Dómari flautar leikmenn af velli, mælir nethæðina og kallar til framkvæmdaraðila leiks ef laga þarf nethæð
14 mín fyrir leik:	Hlutkesti varpað í viðurvist fyrirliða sem staðfesta síðan leikmannalista liða sinna. Þjálfarar staðfesta leikmannalista liða sinna í kjölfarið.
12 mín fyrir leik:	Formleg upphitun hefst.
2 mín fyrir leik:	Dómari flautar og gefur merki um að 2 mínútur séu í leik.
30 sek fyrir leik:	Dómari flautar leikmenn á völlinn og aðstoðardómari fer yfir sendiröð liðanna.
Settur leiktími:	Leikur hefst með merki dómara um fyrstu uppgjöf.

5.8 Misfarist eitthvað af þessum atriðum verulega skal dómari gera athugasemd á leikskýrslu og er BLÍ heimilt að sekta viðkomandi félag um kr. 10.000-.

5.9 Eftir leik í Úrvalsdeild skal senda úrslit til BLÍ og fjölmiðla.

5.10 Heimalið ber ábyrgð á því að leikskýrsla berist til skrifstofu BLÍ og skal sjá til þess að hún berist í síðasta lagi innan þriggja daga.

6. Heimild til mótanefndar

6.1 Mótanefnd BLÍ er heimilt að breyta út frá reglugerð um fyrirkomulag Íslandsmóta ef ekki fæst næg þátttaka til að fullnægja skilyrðum reglugerðarinnar.